



Lög foreldrafélags Dalvíkurskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Dalvíkurskóla og er heimili þess og varnarþing á Dalvík. Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum, svo og velunnarar skólans.

2. gr.

Markmið félagsins eru:

1. Að vinna að heill og hamingju nemenda skólans.
2. Að stuðla að því að skólinn geti á hverjum tíma fullnægt sem best þeim kröfum sem, til hans eru gerðar.
3. Að stuðla að góðri samvinnu foreldra og skólans.
4. Stjórnin skal standa að umræðu og/eða funda um skóla- og uppeldismál.

3. gr.

Í september skal hver bekkjarkennari halda fund með foreldrum þar sem kosnir skulu tveir fulltrúar í fulltrúaráð, og skili þeir skýrslu um bekkjarstarfið að vori. Fulltrúaráð skal, fyrir lok maímánaðar, tilnefna í stjórn foreldrafélagsins 3 í aðalstjórn og 3 til vara, þó þannig að enginn sitji skemur en 2 ár í stjórn. Við stjórnarskipti skulu alltaf 3 sitja áfram úr fyrri stjórn. Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi.

4. gr.

Formaður félagsins eða sá sem hann tilnefnir hefur rétt til setu á skólanefndarfundum, starfsmannafundum og kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Aðalafund skal halda eigi síðar en 15. Nóvember ár hvert og telst fundur löglegur ef til hans er boðað með viku fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári.

6. gr.

Stjórnin skal halda fundi mánaðarlega. Stjórn félagsins hafi samráð og samstarf við fulltrúaráð og starfslið skólans.



2012 - 2013

Dalvíkurskóli

7. gr.

Stjórn félagsins og fulltráráð skulu ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstaka foreldra og starfsmanna skólans.

8. gr.

Heimilt er að innheimta félagsgjöld í félagssjóð. Stjórn félagsins ákveður þá fjárhæð hverju sinni. Einungis skal vera um eitt gjald að ræða á fjölskyldu. Félagsgjöldum skal halda í lágmarki. Stjórnin mun sjá um úthlutun samkvæmt reglum sjóðsins.

9. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi að uppfylltum ákvæðum 5. gr. laganna. Til að lagabreytingatillaga nái fram að ganga þarf 2/3 atkvæða á aðalfundi.